

Ed.

564. Frumvarp

til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

(Eftir 3. umr. i Nd.)

1. gr.

Jarðirnar Breiðholt, Bústaðir og Eiði í Seltjarnarneshreppi skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur frá fardögum 1923 að telja. Frá sama tíma skal og rafmagnsstöðin við Elliðaár ásamt íbúðarhúsi og lóð, svo og Elliðaárnar með árhólmanum, ársarvegnum og landi á austurbökkum ána, er þarf til byggingar þeirra mannvirkja, er þurfa þykir framvegis til hagnýtingar vatnsorkunnar að fullu og vegna laxveiðinnar og starfrækslu hennar, úr landi jarðanna Ártúns og Árbæjar í Mosfellshreppi, lögð undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sjer framfærslu allra þeirra, sem hjálparþurfa eru eða verða og framfærslusveit eiga eða myndu eignast, ef lög þessi væru ekki sett, í Seltjarnarneshreppi, vegna fæðingar eða dvalar á einhverjum af jörðunum Breiðholti, Bústöðum eða Eiði.

Á sama tíma skal Reykjavíkurbær greiða Seltjarnarneshreppi, í eitt skifti fyrir öll, tólf þúsund krónur og Mosfellshreppi þrjátíu og sjö þúsund krónur. Þessi síðarnefnda upphæð greiðist með skuldabréfi, er ber 4% ársvexti og afborgast með eitt þúsund krónum á ári.

3. gr.

Íbúum Seltjarnarneshrepps skal heimilt vatn og rafmagn frá vatnsveitu og rafmagnsveitu Reykjavíkurbæjar til heimilis og húþarfa, enda hliti þeir þeim ákvæðum, sem sett eru eða sett verða um notkun vatns og rafmagns og meðferð veitutækja. Svo skulu þeir og greiða sjálfir allan aukakostnað, er veitan heim til þeirra hefir í för með sjer, og endurgjald fyrir vatnsnotin og rafmagnsnotin eftir mati, nema samkomulag verði.